

Starfsreglur stjórnar Ísafold Capital Partners

1. Almenn

- 1.1. Reglur þessar eru settar á grundvelli 5. mgr. 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Reglur þessar taka jafnframt mið af leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja 6.útgáfu.
- 1.2. Tilgangur þessara reglna er að ákvarða verkskiptingu stjórnar og samskipti stjórnar, stjórnarformanns og framkvæmdastjóra m.a. til að koma í veg fyrir hagsmunarárekstra í starfsemi félagsins, auka trúverðugleika og stuðla að óhlutdrægni við meðferð og afgreiðslu mála.

2. Stjórnun félagsins

- 2.1. Stjórn félagsins fer samkvæmt lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og samþykktum félagsins með æðsta vald í málefnum þess milli hluthafafunda. Stjórn ber að stuðla að viðgangi félagsins og hafa yfirumsjón með rekstri þess í heild ásamt því að hafa eftirlit með daglegum stjórnendum félagsins. Stjórn skal tryggja að rekstur félagsins sé ávallt innan ramma þeirra laga og reglna sem gilda um starfsemi þess og þeirra reglna sem stjórn hefur sett um starfsemi félagsins.
- 2.2. Stjórn skal marka stefnu félagsins en framkvæmdastjóri annast rekstur í samræmi við mótaða stefnu og ákvarðanir stjórnar. Stjórn skal ekki taka þátt í ákvörðunum um einstök viðskipti, nema umfang þeirra sé verulegt miðað við efnahag félagsins. Einstakir stjórnarmenn skulu ekki hafa afskipti af ákvörðunum um einstök viðskipti.
- 2.3. Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri fara með stjórn félagsins. Stjórn félagsins skal fjalla um meiriháttar ákvarðanir er varða stefnumótun og starfsemi. Stjórn félagsins ber ábyrgð á því að skipulag rekstrar og eftirlit með bókhaldi og meðferð fjármuna sé fullnægjandi.
- 2.4. Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun og kjör hans og setur honum starfsreglur.
- 2.5. Framkvæmdastjóri félagsins skal annast daglegan rekstur félagsins og í þeim efnum fylgja stefnu og fyrirmælum stjórnar. Ákvarðanir sem teljast óvenjulegar eða þýðingarmiklar teljast ekki til daglegs reksturs.
- 2.6. Varamenn taka sæti í fjarveru aðalmanna eftir þörfum samkvæmt boðun stjórnarformanns.

3. Verkaskipting stjórnar og verkefni stjórnarformanns

- 3.1. Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi. Að því loknu skal halda stjórnarfund eins fljótt og kostur er. Á stjórnarfundum skal stjórn skipta með sér verkum, með kosningu formanns.
- 3.2. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður kjöri komi til atkvæðagreiðslu við val á formanni stjórnar. Nú falla atkvæði jöfn og skal þá varpa hlutkesti.
- 3.3. Falli formaður stjórnar frá eða geti einhverra hluta vegna ekki sinnt starfi sínu um langt skeið skal stjórnin kjósa sér nýjan formann.
- 3.4. Formaður stjórnar stýrir fundum. Í fjarveru formanns stýrir aldursforseti fundum. Afl atkvæða ræður úrslitum kosninga og afgreiðslu mála á stjórnarfundum.
- 3.5. Helstu verkefni stjórnarformanns:
 - Stuðla að því að verklag stjórnar sé í samræmi við lög, reglur og góða stjórnarhætti og að stjórn séu búnar sem bestar starfsaðstæður.
 - Halda öllum stjórnarmönnum upplýstum um málefni sem félaginu tengjast og stuðli að virkni stjórnar í allri umræðu og ákvörðunartöku.
 - Sjá til þess að nýir stjórnarmenn fái nauðsynlegar upplýsingar og leiðsögn í starfsháttum stjórnar og málefnum félagsins, m.a. stefnu þess, markmið, áhættuviðmið og rekstur.
 - Sjá til þess að stjórnin uppfæri, með reglubundnum hætti, þekkingu sína á félaginu og rekstri þess, ásamt því að tryggja að stjórnin fái almennt í störfum sínum nákvæmar og skýrar upplýsingar og gögn til að hún geti sinnt starfi sínu.
 - Sjá til þess að stjórnarmenn fái viðeigandi leiðsögn um helstu þætti er varða stjórnun fyrirtækja, t.a.m. um lögbundnar skyldur þeirra og ábyrgð, eða að stjórnarmenn sæki námskeið af því tagi.
 - Ber ábyrgð á samskiptum stjórnar við hluthafa félagsins.
 - Taka frumkvæði að gerð og endurskoðun starfsreglna stjórnarinnar.
 - Útbúa dagskrá stjórnarfundum, í samstarfi við framkvæmdastjóra félagsins, sjái um boðun þeirra og stjórnun. Stjórnarformaður skal sjá til þess að nægur tími sé gefinn til umræðna og ákvarðanatöku á stjórnarfundum, sérstaklega hvað varðar stærri og flóknari mál.
 - Fylgjast með framvindu ákvarðana stjórnarinnar innan félagsins og staðfesti innleiðingu þeirra gagnvart stjórn.
 - Sjá til þess að stjórnin meti árlega störf sín og undirnefnda.

4. Stjórnarfundir

- 4.1. Formaður stjórnar, eða framkvæmdastjóri í umboði formanns, boðar fundi stjórnar. Fundi skal halda eins oft og þurfa þykir þó þannig að reglulegir fundir séu að jafnaði haldnir fimm sinnum á ári. Nú kemur fram beiðni frá stjórnarmanni eða framkvæmdastjóra um boðun fundar og skal þá fund halda svo fljótt sem auðið er. Nú tilkynnir aðalmaður stjórnar forföll og skal framkvæmdastjóri þá boða varamann.
- 4.2. Dagskrá funda stjórnar ásamt viðeigandi fundargögnum skal að jafnaði senda út til stjórnarmanna a.m.k. 3 dögum fyrir boðaðan fund. Framkvæmdastjóri undirbýr fundi stjórnar í samráði við formann stjórnar. Fundir skulu að jafnaði haldnir á starfsstöð félagsins nema annað sé sérstaklega ákveðið af formanni stjórnar. Þó er heimilt að halda fundi með aðstoð fjarfundarbúnaðar og gilda almenn ákvæði starfsreglna þessara um slíka fundi nema annars sé þar getið.
- 4.3. Formaður stjórnar stýrir stjórnarfundum. Ákvarðanir stjórnar eru gildar ef meirihluti stjórnar sækir fund eða varamenn í þeirra stað.
- 4.4. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Sé fundur eigi fullskipaður þarf ávallt a.m.k. tvö atkvæði til afgreiðslu einstakra mála. Mál skulu almennt ekki borin upp til ákvörðunar á stjórnarfundum nema því aðeins að stjórnarmenn hafi fengið gögn málsins eða fullnægjandi upplýsingar um það fyrir fundinn og haft tíma til að kynna sér efni þess. Mál til ákvörðunar skulu almennt lögð fyrir stjórn skriflega. Séu mál lögð fram á stjórnarfundum til kynningar getur slík kynning verið munnleg.
- 4.5. Framkvæmdastjóri félagsins skal sitja stjórnarfundum og hafa málfrelsi og tillögurétt, nema annað sé ákveðið af stjórn félagsins. Framkvæmdastjóri skal þó víkja af fundi séu persónuleg málefni hans til umræðu eða ef hann er vanhæfur til að fjalla um viðkomandi mál, í samræmi við þær reglur er gilda um sérstakt hæfi stjórnarmanna. Stjórn ákveður hvort og hvenær aðrir starfsmenn félagsins sitja stjórnarfundum. Formaður getur ákveðið að bjóða utanaðkomandi aðilum á stjórnarfundum til að kynna ákveðin mál er varða starfsemi félagsins.
- 4.6. Fundur er lögmætur ef meirihluti stjórnar sækir fund. Varamenn skulu taka sæti aðalmanna í forföllum þeirra. Stjórnarmenn ákveða hvaða varamenn skuli taka sæti í sínum forföllum.
- 4.7. Á stjórnarfundum þar sem endurskoðað árshluta- eða ársuppgjör félagsins er til skoðunar skal stjórn óska þess að löggiltur endurskoðandi félagsins sitji fundinn.

- 4.8. Framkvæmdastjóri og/eða stjórnarformaður geta jafnframt ákveðið að stjórnarmenn skuli skila fundargögnum um einstök mál. Gögnum sem dreift er til stjórnarmanna skulu lögð upp með fundargerð stjórnar.

5. Fundargerðir

- 5.1. Allar ákvarðanir stjórnar skulu færðar í fundargerð. Drög fundargerða skulu send stjórnarmönnum og undirrituð rafrænt eftir fund eða á næsta stjórnarfundi þar á eftir. Fundarmenn sem ekki eru sammála ákvörðun stjórnar eiga rétt á að fá upplýsingar um það skráðar í fundargerð stjórnarfundar. Fundargerðir skal varðveita með tryggilegum hætti.
- 5.2. Hver sá, er rétt hefur til að sitja fundi stjórnar, hefur rétt til að láta bóka athugasemdir sínar og sérálit í fundargerð vegna málsmeðferðar og afgreiðslu einstakra mála. Sérstaklega skal bóka í fundargerð ef stjórnarmaður hefur vikið af fundi vegna þess að hann var ekki hæfur til að fjalla um tiltekið mál starfsreglna þessara. Svar við fyrirspurnum stjórnarmanna um einstök viðskipti eða viðskiptavini, skal bóka í fundargerð.
- 5.3. Stjórnarmenn sem sitja viðkomandi fund skulu staðfesta fundargerð með undirritun sinni ásamt framkvæmdastjóra og fundarritara. Þeir stjórnarmenn sem ekki sitja fund skulu árita fundargerðina um að þeim hafi verið sýnd fundargerðin og sé kunnugt um efni hennar. Fundargerðum skal ætíð dreift til aðalmanna, auk þeirra varamanna sem sitja viðkomandi fund. Heimilt er að senda fundargerðir til varamanna eftir að þær hafa verið samþykktar, en án trúnaðarupplýsinga svo sem upplýsinga um einstaka viðskiptamenn.

6. Upplýsingagjöf

- 6.1. Við upphaf hvers kjörtímabils stjórnar skal fara sérstaklega yfir rekstur og starfsemi félagsins sem og skyldur og ábyrgð stjórnarmanna með nýkjörnum stjórnarmönnum og varamönnum.
- 6.2. Eftirfarandi upplýsingar um fjármál, uppbyggingu og rekstur félagsins skal leggja fyrir stjórn:
- Á hverjum fundi skal leggja fram og kynna skýrslu um rekstur félagsins.
 - Kannað sex mánaða uppgjör skal lagt fyrir stjórn eigi síðar en 3 mánuðum frá lokum hvers uppgjörstímabils. Endurskoðuðu uppgjóri félagsins skal lokið fyrir lok mars hvers árs. Fulltrúar endurskoðunarfélags félagsins skulu vera viðstaddir kynningu endurskoðaðra eða kannaðra uppgjöra.

- c. Leggja skal fram upplýsingar um rekstur einstakra sviða félagsins, eins og þau eru skilgreind á hverjum tíma í skipuriti félagsins, þannig að tryggt sé að farið sé yfir starfsemi hvers sviðs eigi sjaldnar en árlega.
 - d. Innri endurskoðandi félagsins skal kynna stjórn starfsemi sína a.m.k. einu sinni á ári.
 - e. Rekstraráætlun fyrir komandi rekstrarár félagsins skal lögð fyrir stjórn á síðasta ársfjórðungi hvers árs.
- 6.3. Þá skulu stjórnarmenn eiga rétt á öllum upplýsingum er varða rekstur félagsins sem þeir telja nauðsynlegar til að rækja störf sín, þó þannig að stjórnarmenn skulu ekki hafa aðgang að upplýsingum er snerta hag einstakra viðskiptamanna félagsins. Fyrirspurnir stjórnarmanna um einstök viðskipti eða viðskiptamenn skulu bornar upp á stjórnarfundum, og einstökum stjórnarmönnum er óheimilt að hafa samband við starfsmenn félagsins í því skyni að afla sér upplýsinga. Berist starfsmönnum slík beiðni frá einstökum stjórnarmanni ber þeim að gera framkvæmdastjóra viðvart. Svör við fyrirspurnum stjórnar um einstök viðskipti eða viðskiptamenn skulu kynnt stjórnarmönnum öllum og bókuð í fundargerð. Upplýsingar skal að jafnaði leggja fram fyrir stjórn með skriflegum hætti, nema stjórn samþykki annað. Upplýsingar sem stjórn kann að óska eftir aðgangi að, skal leggja fyrir, eða kynna stjórn, svo fljótt sem auðið er, frá því að beiðni kemur fram um upplýsingar. Stjórn tekur að öðru leyti afstöðu til túlkunar á upplýsingagjöfni.

7. Hæfi stjórnarmanna

- 7.1. Stjórnarmenn skulu ekki taka þátt í meðferð mála er varðar viðskipti þeirra sjálfra, fyrirtækja sem þeir eiga virkan eignarhlut í, sitja í stjórn eða eru fyrirvarsmenn fyrir eða eiga verulegra hagsmuna að gæta í. Sama gildir um þátttöku í meðferð mála sem tengjast aðilum sem eru tengdir þeim með öðrum hætti, persónulega eða fjárhagslega.
- 7.2. Stjórnarmönnum ber skylda til að upplýsa stjórnina skriflega um þá aðila sem tengjast þeim hagsmunatengslum, og skulu þessar upplýsingar vera aðgengilegar á stjórnarfundum. Framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður geta krafist þess að stjórnarmaður víki sæti áður en efni máls er kynnt og gögn afhent telji þeir stjórnarmann vanhæfan til meðferðar máls. Jafnframt geta þeir krafist þess að stjórnarmaður taki ekki þátt í umfjöllun um mál og fái ekki afhent gögn vegna slíks máls. Stjórn tekur ákvörðun um hæfi stjórnarmanna samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög nr. 2/1995. Stjórnarmenn skulu ekki taka þátt í meðferð mála er varða viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga beinan eða óbeinan eignarhlut í, eru fyrirvarsmenn fyrir, sitja í stjórn hjá eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í. Sama gildir um viðskipti aðila sem eru tengdir stjórnarmönnum persónulega eða fjárhagslega.

- 7.3. Stjórnarmenn taka ekki þátt í meðferð mála er varðar viðskipti þeirra sjálfra, fyrirtækja sem þeir eiga beinan eða óbeinan virkan eignarhlut í, sitja í stjórn hjá eða eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga verulegra hagsmuna að gæta í. Það sama gildir um þátttöku í meðferð mála sem tengjast aðilum sem teljast venslaðir þeim með öðrum hætti. Er hér hvoru tveggja átt við persónuleg og fjárhagsleg tengsl. Framangreint á einnig við um þátttöku í meðferð mála er varða samkeppnisaðila stjórnarmanna eða aðila þeim tengdum. Þá skulu þeir víkja af fundi og ekki fá aðgang að gögnum er varða afgreiðslu viðkomandi máls. Bóka skal í fundargerð að stjórnarmaður hafi vikið sæti og ekki fengið aðgang að gögnum þessu til staðfestingar.
- 7.4. Séu þeir aðilar sem að ofan greinir eða aðilar tengdir þeim í viðskiptum við félagið, skulu um slík viðskipti gilda allar almennar starfsreglur félagsins svo og skulu þeir njóta sömu markaðskjara og aðrir viðskiptavinir njóta. Fjalla skal um slík viðskipti við starfsmenn félagsins af öðrum en stjórnarmönnum sjálfum, nema um sé að ræða persónuleg viðskipti innan venjulegra marka einstaklingsviðskipta. Ef brýn þörf er á beinum samskiptum stjórnarmanna vegna mála sem þá varða, t.d. í upplýsingaskyni eða í kynningum gagnvart þriðja aðila skal það gert við framkvæmdastjóra félagsins eða í samráði við hann. Stjórnarmenn skulu ekki taka þátt í meðferð máls og ákvarðanatöku er varðar slík viðskipti eða viðskipti samkeppnisaðila né mega þeir koma fram sem umboðsaðilar annarra gagnvart félaginu.

8. Viðskiptaerinda stjórnarmanna

- 8.1. Viðskiptaerindi stjórnarmanna, sem og þeirra fyrirtækja sem þeir eru í forsvari fyrir, skal að jafnaði leggja fram fyrir stjórn, eða formann stjórnar til samþykktar eða synjunar. Þrátt fyrir framangreint skal félaginu heimilt að afgreiða einstök viðskiptaerindi stjórnarmanna, án sérstakrar heimildar stjórnar, eða formanns stjórnar, enda uppfylli viðskiptin eftirfarandi skilyrði:
- Að um sé að ræða viðskipti með hlutdeildarskírteini þar sem viðkomandi aðili hefur gengist undir sérstaka almenna skilmála vegna tiltekinna viðskipta,
 - Að kjör í viðskiptum taki mið af því sem almennt gerist á viðkomandi sviði, og að ekki sé um sérafslætti eða sérkjör að ræða,
 - Að viðskipti séu afgreidd á sama hátt og önnur sambærileg viðskipti ótengdra aðila og séu innan heimildar áhættunefndar félagsins til afgreiðslu einstakra mála.

9. Viðskipti við venslaða aðila

- 9.1. Venslaðir aðilar eru þeir aðilar sem eru í tengslum við félagið með þeim hætti að með viðskiptum félagsins við þá eða fyrirtæki þeim tengdum kunni að vakna spurningar um hagsmunaárekstra. Við mat á því hverjir teljist til venslaðra aðila skal líta til þess hvort viðkomandi aðilar geti notið aðstöðu sinnar á einhvern hátt umfram aðra útgefendur verðbréfa eða innlánsstofnanir, meðal annars m.t.t. kjara, endursamninga og stöðu.
- 9.2. Eftirtaldir aðilar eru taldir venslaðir aðilar:
- Aðal- og varamenn í stjórn, stjórnendur, lykilstarfsmenn og nánir fjölskyldumeðlimir þessara aðila (þ.e. maki, börn og foreldrar).
 - Hliðstæðir aðilar og nefndir eru í 1. tölulið í móður- og/eða vörslufyrirtæki og tengdum félögum.
 - Hluthafar sem eiga með beinum eða óbeinum hætti 5% eignarhlut eða stærri í félaginu eða móður- og/eða vörslufélagi.
 - Eigi hluthafi skv. 3. tl., með beinum eða óbeinum hætti a.m.k. 10% eignarhlut í fyrirtæki, þá telst það fyrirtæki venslaður aðili.
 - Eigi aðilar skv. 1. og 2. tl., með beinum eða óbeinum hætti a.m.k. 10% eignarhlut í fyrirtæki, þá telst það fyrirtæki venslaður aðili.
 - Fyrirtæki, þar sem aðilar skv. 1. og 2. tl. eru lykilstarfsmenn eða stjórnarmenn hjá, telst venslaður aðili.
- 9.3. Viðskipti við venslaða aðila skulu rökstudd og skal þeim rökstuðningi fylgja hvort og þá hvaða önnur sambærileg viðskiptatækifæri voru skoðuð. Félagið skal jafnframt halda utan um þau kjör sem sjóðum félagsins bjóðast í innlán þeirra.
- 9.4. Með viðskiptum er átt við allar fjárfestingar þar sem venslaði aðilinn er útgefandi verðbréfsins sem og innlán hjá móður- og/eða vörslufélagi. Ennfremur telst til viðskipta öll eignayfirfærsla sem á sér stað frá móðurfélagi og/eða vörslufélagi til félagsins.
- 9.5. Innri endurskoðandi skal fara yfir viðskipti við venslaða aðila eigi sjaldnar en einu sinni á ári, m.a. með tilliti til kjara, endursamninga og stöðu.
- 9.6. Árlega skal stjórn fela ytri endurskoðanda að fara yfir viðskipti við venslaða aðila og bera saman við sambærileg viðskipti annarra viðskiptavina og gefa rökstutt álit m.a. með tilliti til kjara, endursamninga og stöðu. Í skýrslu ytri endurskoðanda skal m.a. koma fram um hvaða samanburðaraðila er að ræða í hverju tilviki. Skýrsla ytri endurskoðanda skal send Fjármálaeftirlitinu eigi síðar en 1. apríl ár hvert vegna liðsins fjárhagsárs.

10. Endurskoðun

- 10.1. Stjórn félagsins skal gera skriflegan samning við kjörinn endurskoðanda félagsins. Stjórn félagsins er heimilt að semja við kjörinn endurskoðanda félagsins um framkvæmd innra eftirlits.
- 10.2. Kjörinn endurskoðandi félagsins og aðili sem annast innra eftirlit skulu hafa óheftan aðgang að öllum gögnum og upplýsingum sem þýðingu geta haft vegna starfa þeirra fyrir félagið.

11. Ársreikningur

- 11.1. Stjórn félagsins lætur gera ársreikning félagsins í samræmi við góða reikningsskilavenju, ákvæði laga um ársreikninga og ákvæði laga um verðbréfavíðskipti.

12. Aðalfundur

- 12.1. Stjórn félagsins boðar til aðalfundar. Aðalfundur skal boðaður með minnst fjórtán daga fyrirvara en aukafundur með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Aðalfundur skal halda fyrir lok júní ár hvert.
- 12.2. Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu hluthafa sem ráða að minnsta kosti einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu.
- 12.3. Öllum stjórnarmönnum skal afhent eintak af reglum þessum ásamt eintaki af samþykktum félagsins. Afhending skal fara fram um leið og stjórnarmaður tekur sæti í stjórn félagsins. Stjórn félagsins skal einnig kynna sér lög nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

13. Móttaka og fræðsla nýrra stjórnarmanna

- 13.1. Þegar nýir stjórnarmenn taka sæti í stjórn skulu þeir fá greinargóðar upplýsingar um starfsemi félagsins.
- 13.2. Nýir stjórnarmenn skulu fá afhent helstu gögn sem varða félagið, auk upplýsinga um þau lög og reglur sem um starfsemina gilda. Meðal þeirra gagna sem nýir stjórnarmenn fá aðgang að eru eftirfarandi:
 - a. Samþykktir félagsins
 - b. Starfsreglur stjórnar
 - c. Starfsáætlun stjórnar
 - d. Skipurit

- e. Fundargerðir stjórnar frá undanfögnu starfsári
- f. Ársreikning síðasta árs og nýjasta árshlutareikning
- g. Yfirlit um gildandi lög og reglur er varða starfsemi félagsins
- h. Skýrslur og bréf frá innri og ytri endurskoðendum

14. Trúnaður og þagnarskylda

- 14.1. Stjórnarmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðað getur viðskipta- eða einkamálefni einstakra viðskiptamanna félagsins. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.
- 14.2. Almennt skal ekki fjalla opinberlega um umræður, ákvarðanir og afgreiðslur einstakra mála hjá stjórn nema slíkt sé sérstaklega samþykkt af stjórn eða skylt sé að birta niðurstöður fundar vegna skráningar fjármálagerninga félagsins á skipulegum verðbréfamarkaði.

Þannig samþykkt af stjórn Ísafold Capital Partners hf. þann 10. mars 2023.